

Einsögur um búvélur og tækni

4. Ævisaga Fordsonar Majors í Gýgjarhólskoti

Til að byrja með

Snemma á síðustu öld fór mikilvægi þarfasta þjónsins að minnka og dráttarvélar komu fram á sjónarsvið íslenskra bænda. Dráttarvélar voru í fyrstu ófullkomnar og kraftlitlar en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan og geta nútíma bændur vart hugsað sér heyskap án allavega þriggja traktora. Í þessari ritsmíð ætla ég að gera grein fyrir ævi einnar dráttarvélar en sú dáttarvél var upphaflega keypt af afabróður mínum Guðna Karlssyni og síðar seld afa mínum Jóni Karlssyni. Það mætti því segja að traktorinn sé í fjölskyldunni sem óneitanlega gerir efnið persónulegt og vonandi skemmtilegt fyrir vikið.

Forverar

Fyrsti traktorinn var fluttur var hingað til lands árið 1918 og var af gerðinni Avery. Stefán B. Jónsson kaupmaður í Reykjavík útvegaði traktorinn fyrir félag á Akranesi, og af þeim sökum var hann nefndur Akranestraktorinn¹. Þessi traktor var ekki



Farmall A með sláttuvél

sérlega öflugur miðað við þá sem við höfum í dag, eða aðeins 16 hestöfl. Samt sem áður kom hann að góðu notum þar vestra einkum við plægingar. Þremur árum síðar var svo fluttur inn fyrsti Fordson traktorinn, og á næstu árum voru fluttar inn nokkrar vélar en það var ekki fyrr en eftir stríð að innflutningur hófst fyrir alvöru. Árið 1945 munu hafa verið til 245 traktorar á Íslandi og árið eftir voru fluttir inn tæplega 300 traktorar². Traktorarnir sem fluttir voru inn voru af margvíslegum gerðum og má þar nefna, Farmall, Case, Ford, Fordson, John Deer,

¹ Árni G. Eylands, 1950:159.

² Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson (Ritstjórar), 1988:506.

Massey Harris og svo náttúrulega Ferguson traktora. Innflutningur jókst jafnt og þétt og traktorar fóru að verða almennigseign. Einnig var flutt inn mikið af heyrinnutækjum og jarðvinnslutækjum við traktorana s.s. sláttuvélar, rakstrarvélar, snúningsvélar, herfi og plógar.

Meðal vinsælli traktoranna sem seldir voru hér á landi voru Fordson Major traktorar, greinargóða lýsingu á þannig traktor má finna í bókinni Búvélar og ræktun:

„Fordson Major er smíðaður af Ford Motor Co. Ltd., Dagenham, Essex, Englandi. Seljendur: Sveinn Egilsson h.f. Reykjavík og Bílasalan h.f. Akureyri. Mótorinn er fjörgengisvél, 4 strokka, er brennir bensíni eða steinolíu, með hliðstæðum lokum. Sveifarásinn hvílir í þremur legum. Tengslin eru plötutengsl. Kveikjan er magnetukveikja með hraðkveikjulás, og traktorinn fæst einnig mað rafmagnsræsi og ljósum. Smurkerfið er baðsmurning, en kashjól vélarinnar setur smurolúna í hreyfingu og veitir henni í olíupípur, er liggja að skálum undir sveifarásnum. Þar ná bullustengurnar til olíunnar og ausa henni um sveifarhúsið og upp í strokkana. Kælikerfið er hringrás án dælu, en í sambandi við viftu ásin er skrúfa, sem nær inn í kælivatnsskápinn og örvar hringrás vatnsins í kerfinu”


Árni G. Eylands, 1950:205,206.

Fjárfest í traktor

Í tilefni 50 ára afmælis

Búnaðarsambands Suðurlands var haldin Landbúnaðarsýning árið 1958, þar gaf að líta margvísleg tól og tæki auk búfjár. Meðal dráttarvélanna á sýningunni var nýjasti og öflugasti traktor þess tíma, 52 hestafla

Fordson Major árgerð 1958. Tveir stórhuga menn, Guðni Karlsson á Gýgjarhóli og mágur hans Hörður Ingvarsson, ákváðu að festa kaup á þessum traktor auk tætara og vinna sem verktakar



Fordson á járnhjólum

við sléttun lands. Þeir sömdu þar á sýningunni við söluaðila Ford á Íslandi, sem voru þá Kr-Kristjánsson og Sveinn Egilsson h.f. í Reykjavík, um kaupverðið og fengu traktorinn að sýningu lokinni. Enginn man lengur verðið en víst er að það hefur verið heldur hærra en á öðrum traktorum þar sem vélin var bæði ný og stór. Hér má segja að hefjist hin eiginlega saga Majorsins eins og þessi Fordson var ævinlega kallaður í Gýgjarhólskoti.

Verktakinn

Majorinn var ekki ósvipaður þeim Fordson sem Árni G. Eylands lýsti hér áður, nema hann var talsvert kraftmeiri, heil 52 hestöfl og þungur eftir því. Ford Traider díselmótor með loftregulator knúði drifhjólin. Kúplingin var einföld, þannig að þegar stigið var á kúplinguna kúpluðust bæði aflúttakið og vélin. Eins og áður hefur verið nefnt var ætlunin að gera Majorinn út með tættara og slétta land fyrir bændur.

Tættarinn sem fylgdi með í kaupunum var af Howard gerð með vinslubreidd 60 tommur, hann var nokkuð alflrekur og kom fyrir að Major söðvaðist hreinlega í erfiðu landi. Þá var ekki annað að gera að stíga á kúplinguna, gefa vel inn og keyra svo rólega af stað aftur.

Þetta fór ekki sérlega vel með einföldu kúplinguna og þurfti á tæplega 40 ára ferli

Majorsins að ditta oft að henni. Verktakavinnan var að mestu stunduð vor og haust en þá eru bændur jafnan að huga að flögum sínum, á sumrin var Majorinn því oft í láni hjá Arnóri Karlssyni á Bóli en hann notaði hann við slátt. Sláttuvél var keypt við hann, en það var millihjóra greiðusláttuvél. Svipaðri sláttuvél er lýst svo í Búvélum og ræktun:



Fordson Major

„Greiðukló, með greiðu, sem fest er við klóna á vanalegan hátt, er tengd við traktorinn með klóstögum og öðrum festijárum. Sveifluhjólaás og sveifluhjól, sem knýr hlaupastelpu og ljá greiðunnar, er í sambandi við tengidrif traktorsins. Auk þess eru lyftitæki. En vélabolur er enginn, engin ökuhjól né ásar og tannhjól til aflflutnings”.

Árni G. Eylands, 1950:321.

Jafnan þótti sláttur á þessum traktor ganga mjög vel og betur en með öðrum traktorum, ástæðan mun vera sú að aflúttakið sem á flestum dráttarvélum snerist 540 snúninga senrist heila 1100 á Major. Það gerði það að verkum að ljárinn í sláttuvélinni hreyfðist hraðar og jók það gæði sláttar til muna. En ekki gekk slátturinn alltaf snuðrulaust fyrir sig, einhverju sinni var Arnór að slá út á Bólsmosum og festi traktorinn. Hann fór í Gýgjarhólskot til Jóns bróður síns og bað um aðstoð. Arnór taldi best að fá ýtu til að draga traktorinn upp og var haft samband við ýtumann sem á þessu tíma var til húsa í Vegatungu. Ýtumaðurinn taldi full áhættusamt að fara út á mosana með hina þungu ýtu og taldi að öðrum ráðum þyrfti að beita. Ekki dóu menn ráðalausir og fundu sér sterka staurrafta og smíðuðu úr þeim gálga á þrífæti. Krafttalía var hengd í gálgann og Major hífður upp, hjól fyrir hjól, og röftum stungið undir hann. Þegar komið var undir öll hjól var hægt að keyra upp án vandkvæða. Verktakavinna Majorsins stóð í nokkur ár en þegar henni lauk var hann seldur Jóni í Gýgjarhólskoti, en það var í kringum 1966.

Búvélín

Í Gýgjarhólskoti fékk Major nóg að gera. Mikil túnræktun var þá að hefjast í Kotinu og tók hann fullan þátt í henni. Með tætarann góða í eftirdragi fór Major yfir þýfi og plógstrengi en oft á tíðum var þýfið þungt yfirferðar og var þá oft látið skarast mikið til að gera traktornum léttara fyrir. Vitanlega kom það fyrir að Major festist í flagi og var þá oft gripið

til þess ráðs að festa kaðal í afturhjól, leiða hann fram fyrir traktorinn og festa í eitthvað vel fast s.s. annan traktor. Svo var Major settur í lágan gír og „keyrt“ af stað. Þá vafðist kaðallinn upp á afturöxulinn þannig að hann dró sig upp sjálfur. Jón í Gýgjarhólskoti notaði Majorinn til sláttar þangað til að þyrilsláttuvélarnar leystu greiðusláttuvélarnar af hólmi, en þá var farið að slá á Massey Ferguson dráttarvél.

Á milli 1960 og 1970 var nokkuð um grasleysi í Tungunum og voru þá góð ráð dýr. Einn er þó staður sem Pollengi heitir sem alltaf vex á gras. Það er mýrarfláki niður með Tungufljóti austanverðu, nærri Bræðratungu. Bændur heyjuðu því á Pollenginu og fluttu heim til sín. Þar kom Major við sögu en hann var notaður við að keyra heyið á milli Pollengisins og Gýgjarhólskots.

Ekki mjög löngu eftir að Major kom í Kotið voru keypt á hann ámoksturstæki. Ámoksturstæki þessi voru af Millmaster gerð og voru venjulega höfð á Massey Ferguson dráttarvélum. Þau voru sérstök að því leitinu að lengra var á milli kjálkanna en venjulega á slíkum tækjum, en það var nauðsynlegt til að þau kæmust á svo stóran traktor sem Majorinn. Tækin þóttu eitthvað kraftlítil og var Guðni Lýðsson fenginn í málið. Hann fann út hvenig auka mætti þrýstinginn á tækjunum svo þau gætu lyft meiri þyngd, þessi aðgerð jók mjög notagildi tækjanna og þar með Majorsins. Framaná ámoksturstækin var til Kvenerland heykvísl, með þann búnað að vopni var heyi ýtt saman í lanir og síðar var heyið flutt á vagni heim í hlöðu. Nokkur kúnt þótti að vinna með ámoksturstækin þar sem vökvaflæðis gætti ekki meðan stigið var á kúplinguna. En það var með það sem annað að æfingin skapaði meistarann.

Árið 1986 sendu yfirvöld í landinu frá sér reglugerð varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar kom fram að allar

dráttarvélar þyngri en 500 kg skyldu hafa öryggisgrind¹. Þegar Major var keyptur voru þessar reglur ekki komnar á svo hann var án öryggisgrindar. Jón í Koti smíðaði því grind á traktorinn sem auðvelt var að taka af og setja á aftur, en það var mikið atriði að hægt væri að taka grindina af því Major var á sínum seinni árum notaður við að troða vothey í votheysgryfjunni í Gýgjarhólskoti. Þar var oft lágt til lofts þegar mikið var komið inn og skára þótti að reka höfuðið uppundir en öryggisgrindina sem hefði skemmt þakið.

Nokkrum sinnum þurfti Major að fara á verkstæði og var yfirleitt farið á verkstæðið á Flúðum. Einhverju sinni hafði Major verið í viðgerð á Flúðum og átti að fara að aka honum heim, hann reyndist þá óvenju hraðskreiður og taldi ökumaðurinn að hann hefði jafnvel farið upp í 50 km/klst, en Major komst vanalega á um það bil 25 km/klst. Farið var að kanna málið og kom í ljós að spjald sem stjórna átti loftflæði í sogrein var ótengt. Olúgjöf var því óheft og lýsti það sér með auknum krafti. Afturdekkinn tóku að verða lasburða en annað þó meira en hitt. Fjórfeft var í einu nýju dekki en spyrnurnar skornar af lélegra dekkinu og því troðið inn í hitt sem var skárri, úr þessu varð hið besta dekk og var það notað lengi. Að síðustu var það gefið Magnúsi bónda í Austurhlíð sem notaði það þar til það varð ónothæft.

En árin liðu og fram komu fleiri traktorar, með tímanum hætti Majorinn að vera sá stæsti og nýir og betur hannaðir traktorar komu fram á sjónarsviðið. Þetta voru traktorar eins og Massey Ferguson og Zetor. Sem dæmi um gríðarlegar vinsældir þessara traktora má nefna að á árunum



Massey Ferguson 135

¹ www.reglugerð.is.

1971-1980 voru fluttir inn 1535 Massey ferguson traktorar og 1917 Zetor traktorar en af öðrum tegundum voru fluttir inn samtals 1673 traktorar¹. Massarnir voru að mörgu leiti betri tæki en Majorinn þó þeir væru ekki eins kraftmiklir, kúplingin var tvöföld og sætið þægilegt, en sætið í Major þótti óþægilegt og var hann því oft keyrður standandi. Tvöfalda kúplingin var nauðsynleg til að hægt væri að nota traktorana fyrir heybdivélar en þær voru faranar að ryðja sér til rúms hér á landi strax á sjöunda áratugnum². Það var þó ekki fyrr en á þeim áttunda sem bindivél kom í Gýgjarhólskot en þá var þar til í það minnsta einn Massey Ferguson 135.

Endalokin

Olíuverkið í Major gaf sig árið 1995. Þá fengu menn þá snilldar hugmynd að gera hann upp og sendu Major að Flúðum til aðhlyningar. Ekki vildi þá betur til að olíverkið reyndist ónýtt og varð að fá nýtt. Slík láu ekki á lausu en eitt slíkt var að finna í Hólakoti í Hrunamannahreppi. Það var í traktor sömu gerðar en sá var árgerð 1956, hátt verð var sett upp fyrir olíverkið úr Hólakotstraktorum, svo hátt að það var ekki keypt. Eftir þetta fór áhuginn á að gera Majorinn upp að minnka og stóð hann fyrir utan verkstæðið í nokkur ár eða þangað til Karl Jónsson bóndi á Bjargi í Hrunamannahreppi hugðist draga Major heim að Bjargi til að forða honum frá skemmdum. Ekki tókst það því þegar komið var nokkuð á leið festust drifhjólin og varð þeim ekki haggð. Karl varð því að lyfta afturhluta Majorsins og draga hann á framhjólunum til næsta bæjar. Sá bær var Kópsvatn og er Majorinn þar enn.

¹ Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson (Ritstjórar), 1988:518.

² Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson (Ritstjórar), 1988:512.

Arftakar

Við samruna hinna ýmsu traktoraframleiðenda úti í heimi urðu til öflugri og tæknilegri traktorar og í dag eru flestir ef ekki allir nýir traktorar sem seldir eru meira en 50 hestöfl. Majorinn er því frekar lítilfjöllegur í samanburði við þá og fæstir geta ímyndað sér að traktor sem hann hafi einhverntíma þótt stór. Til gamans má geta að nú eru til 8 traktorar í



Case Steiger

Gýgjarhólskoti og þar af eru 5 meira en 50 hestöfl, sá stæsti er Steyr 9125 og er ein 125 hestöfl. Meðal öflugustu traktora sem seldir eru í dag eru Case Steiger dráttarvélar en þær eru næstum 9 sinnum öflugri en Majorinn eða 458 hestöfl.

Í lokin

Majorinn er nú lagstur í kör eftir 37 ára vinnu sem verktaki og búvél. Við hafa tekið stærri vélar sem svala tækniþorsta nútímamannsins og uppfylla kröfur hans um hraða og þægindi. Samt sem áður hefur Majorinn ekki fallið í gleysku en hans er minnst sem þjóðsagnapersónu á heimabæ sínum Gýgjarhólskoti. Enn eru hugnmyndir uppi um að hægt sé að gera hann upp en eitthvað stendur á framkvæmdunum eins og oft kemur fyrir hjá mönnum. Allavega einn samskonar traktor hefur verið gerður upp í það minnsta en það er Fordson Majorinn í Hólakoti sem áður hefur verið nefndur, einnig er til svona traktor norður í Eyjafirði sem ku vera í fínu lagi.

Við vinnslu þessarar ritgerðar naut ég aðstoðar nokkurra aðila og ber þar helst að nefna Bjarna Guðmundsson ábyrgðarmann Búvélasafnsins á Hvanneyri, en hann vísaði mér á nytsamlegar heimildir.

Einnig var Sigríður Jónsdóttir hjálpleg en hún kom með hugmyndina af ritgerðarefninu.

María Þórunn Jónsdóttir

Heimildaskrá

Árni G. Eylands. 1950. *Búvélar og ræktun*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

Hjörtur E. Þórarinnsson, Jónas Jónsson og Ólafur E. Stefánsson (Ritstjórar). 1988. *Búnaðarsamtök á Íslandi 150 ára 2. bindi*. Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.

Reglugerðasafn á internetinu. 2004. 27 mars. Slóðin er:
<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/0/55b5958dc92c4ec00256a0800311cb4?OpenDocument>

Jón Karlsson k.t. 081029-2889. Viðtal 12. 3. 2004.

Eiríkur Jónsson k.t. 140465-5429. Viðtal 12. 3. 2004.

Guðni Karlsson k.t. 021033-3329. Viðtal 19. 3. 2004.

Valur Lýðsson k.t. 160750-8129. Viðtal 19. 3. 2004.

Karl Jónsson k.t. 110960-4689. Viðtal 21. 3. 2004.

Myndir eru fengnar af internetinu.